



# Eigum ekki að óttast alvöru ákvarðanir

Pétur Georg Markan, sveitarstjóri Súðavíkurbrepps

„Frumskylda okkar er að bæta líf og kjör, og tryggja að vestfirskt samfélag lifi okkur, eflist og færi afleggjurum okkar öfluga framtíð. Annað skiptir minna máli,“ segir Pétur Georg Markan, sveitarstjóri Súðavíkurbrepps og formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, en hann er í opnuviðtali BB í dag.

– sjá bls. 6-8



## Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 18. ágúst 2016 · 30. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Gamalt spil við Svalvoga.



**HAMRABORG**

Hamraborg ehf · Hafnastræti 7  
Sími 456 3166



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati




**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf  
nýsmurt*

# Arctic protein flytur próteinverksmiðjuna á Tálknafjörð



Laxeldi í Tálknafirði.

Fyrirtækið Arctic protein ehf. hyggst setja upp próteinverksmiðju á Tálknafirði í haust en í janúar sagði BB frá því að forsvarsmenn fyrirtækisins, sem allir komu að stofnun Arnarlax á Bíldudal, hefðu reynt að finna húsnæði fyrir próteinverksmiðju sína á sunnanverðum Vestfjörðum, en það hefði ekki tekist, auk þess hafi ekki verið nægt framboð af slógi á því svæði og því hafi verið ákveðið að setja hana upp í Borgarnesi. Hvoru tveggja

hefur nú breyst að sögn Valdimars Gunnarssonar talsmanns fyrirtækisins, og nú er auglýst eftir starfsmanni til að stjórna og starfa við verksmiðjuna. „Við misstum húsnæði sem við höfðum í Borgarnesi og þá var spurning um að finna annað þar eða flytja framleiðsluna vestur, þar sem við ætluðum alltaf að vera. Síðan fengum við möguleika á að komast í húsnæði á Tálknafirði. Við verðum á Strandgötu 13, það er ef allt gengur upp. Framboð á

slógi er líka að aukast á svæðinu og heldur áfram að aukast með auknu eldi,“ segir hann. Þá segir hann að þeir séu jákvæðir með framhaldið og möguleikana á því að fjölga seinna starfsmönnum eftir því sem framleiðslan eykst.

Í janúar sagði Valdimar að ekki hafi verið hægt að fá slóg frá Fjarðalaxi en nú hafa þessi tvö fyrirtæki sameinast í eitt undir merkjum Arnarlax og óhætt að segja að það sé þá orðið vestfirskur risi í laxeldi.

Sameinað fyrirtæki verður með eldi í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði og stendur til að byggja upp starfstöð í Bolungarvík. Í próteinverksmiðjunni er framleitt próteinuflut og laxaolía og að sögn Valdimars er verið að vinna að frekari þróun á afurðunum. Fyrirtækið sé komið með fasta stórkaupendur erlendis sem síðan dreifa afurðunum víðar.

harpa@bb.is



## Til sölu

Til sölu er Sundstræti 31A Ísafirði  
Parhús á tveimur hæðum auk kjallara og  
geymslulofts, samtals 172,3 m<sup>2</sup>.

Húsið stendur á eignarlóð

Ásett verð 16.5 mkr.

Áhugasamir hafi samband við

Fasteignasölu Vestfjarða

s. 456 3244 – eignir@fsv.is



Andrea S. Harðardóttir

## — Sjónarmið —

### Hugleiðing um Hornvíkina

Þetta hefur verið gott sumar, a.m.k. hjá mér. Sumarfríð var ekki skipulagt í þaula, þrjár stuttar helgarferðir í júní en annað látið ráðast. Stundum er ágætt að vera ekki með of niðurnjörvaða dagskrá heldur grípa áhugaverð tækifæri þegar þau bjóðast.

En þó að gott sé að láta reka á reiðanum einstaka sinnum þá er ekki þar með sagt að það henti alltaf að lifa lífinu án skipulags eða nákvæmra áætlanagerða. Lítið skipulag getur líka valdið óþægindum, skapað ringulreið, vandamál og jafnvel eyðilaggt.

Umræðan um fjölda ferðamanna verður sífellt háværari hér á landi og beinist ekki síst að því að innviðir samfélagsins virðast vera að kikna undan fjöldanum. Álag á einstaka svæðum er orðið það mikil að náttúran er farin að láta verulega á sjá. Við stöndum frammi fyrir þeirri samviskuspurningu hversu langt við eigum að ganga í að lokka hingað ferðamenn. Þolir landið okkar þennan ágang? Er ekki

fyrir löngu kominn tími á að við setjumst niður, horfum fram í tímann, skipuleggjum og setjum okkur reglur og ramma sem við svo fylgjum eftir?

Hornstrandafriðlandið er eitt af þeim svæðum á landinu þar sem ferðamönnum hefur fjölgað á undanförunum árum og nú er svo komið að gamlir stígar og slóðar eru farnir að bera þess merki að umferðin um þá hefur margfaldast. Hvað er til ráða? Á að láta ástandið ótalið og líta á þessa auknu umferð sem eðlilega þróun? Ég hef fullan skilning á því að fólk vilji heimsækja Hornstrandafriðlandið og upplifa hið einstaka umhverfi og kyrrðina sem þar er að finna. Einnig er eðlilegt að ferðabjónustuaðilar, og þá sérstaklega þeir sem starfa hér á svæðinu, nýti sér áhuga og löngun gesta til að heimsækja þessa einstöku perlu og bjóði upp á reglulegar ferðir inn á svæðið og leiðsögn um það.

Sjálf heimsæki ég Hornvíkina mína árlega til að hlaða batteríin, slaka á, njóta samvista við fólk mitt og rifja upp sögur og

frásagnir frá liðnum tíma. Þegar dvalið er á Horni að sumarlagi skiptir klukkan ekki máli. Fólk sefur þegar það er þreytt, borðar þegar það er svangt, fer í gönguferðir þegar fótaþólið gerir vart við sig, horfir á sólina setjast við Núpinn og nýtur augnabliksins. En það er ekki alltaf gott veður í Hornvíkinni. Þar getur þokan legið yfir öllu svo dögum skiptir og stundum lemja rigningin og rokið niður allt kvíkt, öldurnar á víkinni rísa með ofsafengnum látum og brimið lemur rætur Hælavíkurbjargsins. Þá er gott að sitja inni í húsi, njóta hlýjunnar og þakka fyrir að þurfa ekki að húka í blautu tjaldi eða berjast áfram með þungar byrðar á bakinu, eigandi eftir að tjalda. Það hef ég reynt og þrái ekkert sérstaklega að upplifa aftur.

Ég var svo heppin að fá að fara sem aðstoðarleiðsögumaður í tvær dagsferðir norður í Hornvík í sumar. Það er ótrúlega gaman og gefandi að sýna gestum heimahaga móður minnar, fylgjast með upplifun þeirra og segja frá lífinu sem þar var lifað. En

ferðir sem þessar hafa áhrif á náttúruna og gróðurinn þótt eingöngu sé farið eftir göngustígum og gestir leggi sig fram um að ganga varlega um og sýni umhverfinu virðingu. Álagið í Hornvíkinni hefur aukist gríðarlega á stuttum tíma og koma dagar þar sem við, sem þar dveljum, sjáum jafnvel 3–4 stóra hópa fara þessa hefðbundnu gönguleið út á Núpinn og yfir Miðfellið. Þegar veðrið er gott og jarðvegurinn þurr er það e.t.v. allt í lagi en um leið og jarðvegurinn er orðinn rakur vegna rigninga eða þoku breytist hann í forarsvað, fólk fer út fyrir slóðana til að forðast drulluna og nýr slóði verður til. Það hrynur úr slóðum sem liggja hátt eða á brúnum og eftir stendur bert grjótið sem jafnvel verður illt yfirferðar eða ófært með öllu.

Ýmislegt hefur verið gert til að lagfæra göngustíga í friðlandinu á undanförunum árum og er það vel. En betur má ef duga skal. Mér finnst orðið tímabært að velta upp þeirri spurningu hvort ástæða sé til að takmarka fjölda þeirra sem fara um svæðið á

hverjum degi, jafnvel gera kröfu um fjölda manna í hverjum hópi. Það er kominn tími á skýrari reglur, nákvæmari stýringu og langtímaáætlanagerð í ferðamennsku á svæðinu. Slíkt tíðkast á sambærilegum svæðum í löndunum í kringum okkur. Hvers vegna ekki hér líka? Komandi kynslóðir eiga að geta notið svæðisins á sama hátt og við sem nú lifum. Skammtímahugsun og skammtímagróðarsjónarmið verða að víkja. Við verðum að þroskast og hugsa eins og skynsamir, agaðir einstaklingar.

Hornvíkin og umhverfi hennar er hluti af mér og því hver ég er. Því skora ég á alla sem hagsmuna eiga að gæta á svæðinu sem og þá sem áhuga hafa og er umhugað um náttúruna, að setjast niður og ræða hvernig við getum sem best hlúð að þessu stórkostlega umhverfi svo að þangað verði áfram hægt að sækja orku og andlega hvíld á komandi árum.

Andrea S. Harðardóttir

# VIÐ HÖFUM GÓÐA REYNSLU AF SKÓLAVERKEFNUM

VELDU  
FARTÖLVU  
FRÁ STÆRSTA PC  
FRAMLEIÐANDA  
Í HEIMI\*

\*Gartner F2 2016

Við bjóðum  
allt að 12 mánaða  
vaxtalaus lán\*

\*3,5% lántökugjald og  
405 kr. færslugjald

**Lenovo** Y700

Kraftmikil og skemmtileg fyrir leikina

Verð frá: 189.900 kr.



**Lenovo** FARTÖLVUR

Frábært verð – mikil gæði

Verð frá: 49.900 kr.



**Lenovo** YOGA 3 

Hraður og öflugur SSD diskur

Verð frá: 99.900 kr.



BAKPOKAR, TÖSKUR OG UMSLÖG

Einstakt úrval fyrir góða námsmenn.



FRÁBÆR ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

Frá Bose, Audio Technica, Plantronics og Sony.



**Canon**

WI-FI PRENTARAR,  
BLEK OG PAPPÍR



Í NETVERSLUN.IS ER ÚRVAL AF GRÆJUM  
SEM HJÁLPA ÞÉR AÐ LEYSA SKÓLAVERKEFNIN



**Útgefandi:** Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is  
**Abyrgðarmaður:** Bryndís Sigurðardóttir.  
**Blaðamaður:** Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Sími 456 4560, auglysingar@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

## Ritstjórnargrein

# Bara ágæt

Nú kemur Bæjarins besta aftur út eftir 2ja vikna sumarfrí og framundan er spennandi kosningahaust, næstu blöð og bb.is mun væntanlega bera þess merki, fréttir og skrif verða meira en venjulega um stjórn málin. Fram á sjónarsviðið geysist nýtt fólk sem vill leggja sitt af mörkum, það er gvuðspakkarvert að enn skuli vera til einstaklingar sem vilja taka að sér þetta vanþakkláta og erfiða starf. Það munu ekki allir skila góðu dagsverki en flestir munu vinna af heiðarleika og með almannahag að leiðarljósi. Gerum okkur grein fyrir því að þegar á þing er sest þyðir ekki að vera bara einsmálsfólk, það þarf að huga að fjölbreyttum hagsmunum, almannahagsmunum. Vestfirskir þingmenn hafa ekki leyfi til að ota sínu kjördæmi fram fyrir brýna þörf annarra landsmanna, það er gamaldags og úrelt pólitík, þeir eiga að vera vakandi yfir hagsmunum allra landsmanna. Að því mun koma að landið verði eitt kjördæmi, vægi atkvæða jafnað og kjördæmapot fordæmt. Í staðinn verða allir þingmenn að setja sig inn í hagsmuni allra landshluta og taka ákvarðanir út frá heildarhagsmunum.

Á helginni mættu á Austurvöll fulltrúar nýs stjórn málaafis sem kallar sig Íslenska þjóðfylkingin og mótmælti nýrri útlendingalöggjöf. Á facebook síðu ÍP er grunnstefna flokksins kynnt og kennir þar ýmissa og oft ágættra grasa og samhljómur með flestum öðrum stjórn málaöflum. Í stefnuskránni eru þó alvarlegar mótsagnir, fylkingin segist styðja trúfrelsi en um leið aðeins kristin gildi og viðhorf og hafnar trúarbrögðum sem eru „andstæð stjórnarskrá“. ÍP vill ekki moskur og búrkur og vill herða innflytjendalöggjöf og „stórefla löggæslu, landhelgis- og tollgæslu og auka þátttöku Íslands í öryggis og varnarmálum með beinum hætti“. Það er þarna sem skilur á milli fylgjenda ÍP og flestra annarra, sem betur fer er það almennt viðhorf landans að virða trúfrelsi og rétt allra til að iðka, eða iðka ekki, trúarbrögð að eigin vali. Og þrátt fyrir hræðslu margra við hið óþekkt (útlendinga) þá gera flestir þokkalega innréttáðir og sæmilega skynsamir sér grein fyrir að yfirstíga þarf hræðsluna og sýna mannúð. Gengið var milli bols og höfuðs á Böskunum hér um árið, við erum flest hætt að telja það heppileg viðbrögð við ókunnnum gestum.

Íslenskir efnahagsflóttamenn síðustu alda hafa komið sér vel fyrir í ókunnnum löndum og á landi elds og ísa getur náttúran hrakið okkur milli landshluta eða landa, þá er gott að eiga innskot hjá vinum.

Eins og ég er stolt af fordómaleysi okkar gagnvart hinsegin fólki er ég jafn stolt af fámenni Íslensku þjóðfylkingarinnar, við erum bara ágæt.

BS

## Spurning vikunnar

Hvaða ber finnst þér best?


- Alls svöruðu 652.
- Krækiber, sögðu 63 eða 10%
- Bláber, sögðu 52 eða 8%
- Aðalbláber, sögðu 511 eða 78%
- Ber eru vond, sögðu 26 eða 4%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

# Ítreka áskorun um lagabreytingu vegna námsgagnakostnaðar



## Birkifetinn skæður í berjalyngi



Illla farið berjalyng. Mynd: Náttúrustofa Vestfjarða.

Starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða var á ferðinni um Reykhólasveit í vikunni. Nokkuð bar á brúnum blettum íhlíðum, sérstaklega sem snúa á móti suðri. Þessir blettir voru flestir á berjalyngi, líklega frekar um bláberjalyng að ræða en aðalbláberjalyng. Ástæða brúna litsins er að öllum líkindum lirfa birkifetans.

Lirfa birkifetans getur verið mjög ágeng í bláberjalyngi. Hún étur upp allt hold laufblaðanna og skilur við lyngbrekkur sölnaðar yfir að líta.

Starfsfólk Náttúrustofunnar óskar eftir upplýsingum um ástand á berjalyngi víðar á Vestfjörðum og hægt að senda upplýsingar tölvupósti í netfangið nave@nave.is.

Nokkuð hefur verið fjallað um óánægju foreldra grunnskólabarna víða um land vegna kostnaðar við ritfangakaup en á flestum stöðum þurfa foreldrar sjálfir að bera kostnaðinn. Að minnsta kosti í tveimur sveitarfélögum þurfa foreldrar þess þó ekki, í Sandgerði sem hefur þann háttinn á í fyrsta sinn núna í vetur, og Ísafjarðarbæ, þar sem eru samtals fjórir grunnskólar, sem hefur borgað öll nauðsynleg námsgögn fyrir nemendur sína í nokkur ár.

Þess má geta að Barnaheill – Save The Children hefur nú ítrekað áskorun sína frá því í fyrra á þingmenn á Íslandi að beita sér fyrir því að 31. gr. grunnskólalaga verði breytt og tekið verði fyrir alla gjaldtöku, þannig að grunnskólinn verði í raun gjaldfrjáls eins og kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá hvetur Barnaheill einnig stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög að setja skýrar reglur um að óheimilt sé að krefja foreldra um innkaup á gögnum, greiðslu fyrir gögn sem nota á vegna skólagöngu barnanna eða fyrir aðra starfsemi á vegum skóla. harpa@bb.is

## Átak til atvinnusköpunar

# Á markað með snjallt nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu **Átaki til atvinnusköpunar**. Veittir eru styrkir til **nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða** starfandi frumkvöðla og nýsköpunar-fyrirtækja.

### Markmið verkefnis:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða frumkvöðla og fyrirtækja

### Sérstök áhersla er lögð á

- Verkefni sem eru nýjung og skapa ný störf
- Nýsköpun og/eða samstarfsverkefni sem byggir á hönnun
- Nýsköpun sem á sér stað í klasasamstarfi
- Verkefni sem eru að stíga fyrstu skref á alþjóðamarkaði

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og tækjabúnaði.

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á [www.nmi.is](http://www.nmi.is) Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið [hildur@nmi.is](mailto:hildur@nmi.is).

**Umsóknarfrestur til kl. 12:00 á hádegi þann 8. september**



Nýsköpunarmiðstöð Íslands



ATVINNUEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



# PANTAÐU SKÓLAVÖRURNAR Á A4.IS

FRÍ HEIMSENDING EF PANTAÐ ER FYRIR 5.900 KR. EÐA MEIRA



A4 Krínglunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi  
[www.a4.is](http://www.a4.is) / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](#) [Pinterest.com/A4fondur](#) og [instagram.com/a4verslanir](#)

**A4**  
SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

# Pétur Georg Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps



## Eigum ekki að ótt- ast alvöru ákvarðanir

Pétur Georg Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, tók við formennsku í Fjórðungssambandi Vestfirðinga í vor, og ekki liðu nema nokkrar vikur þar til forsætisráðherra tilkynnti stofnun nefndar um aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði. Pétur hefur setið fundi nefndarinnar sem fulltrúi Fjórðungssambandsins. Hann er þess fullviss að nefndin geti skilað góðu verki og í starfi hennar felist tækifæri fyrir Vestfirði.

„Ég held að maður eigi að leyfa sér þann munað í lífinu að vera bjartsýnn, og við eigum að nýta tækifærið sem þessi nefnd gefur okkur. Þetta fór ekki alveg eins og við ætluðum, við í Fjórðungssambandinu ætluðum að sitja fullgild við borðið, en erum áheyrnarfulltrúar í nefndinni. Það hefur þó ekki komið að sök hingað til. Sambandið hefur nýst vel í þessari vinnu og við að móta tillögur, enda mikil þekking á málefnum Vestfjarða til staðar hjá starfsfólki sambandsins. Starf nefndarinnar hefur verið hingað til með ágætum og ekkert annað í stöðunni en að vænta vel um afurð hennar.

Það er mikilvægt að nefndin komi inn á stöðu Vestfjarða og framtíðarhorfur, sem eru mjög spennandi, að því gefnu að menn haldi rétt á spilum. Á Vestfirðum er að verða algjör bylting í raforkuöflun, með virkjunum eins og Hvalá og Austurgilsvirkjun og í Súðavíkurhreppi, svo eitthvað sé nefnt. Það á að gefa okkur tækifæri til að efla dreifikerfið og raforkuöryggi á svæðinu. Að ekki sé talað um margrædda hringtengingu, sem er algjört grundvallaratriði til að laða hér að fjárfesta með stöðug og örugg orkukaup í huga.

Við erum loksins að horfa framan í atvinnuuppbyggingu, sem getur tekið undir með klassískum sjávarútvegi sem meginstöðir atvinnulífsins, eins og fiskeldi, ferðamennsku og kalkþörungavinnslu. Allt atvinnugreinar sem nýta þær auðlindir sem Vestfirðir hafa yfir að búa. Ég trúir því að við séum á tímamótum og það sé raunverulegt tækifæri á Vestfirðum til að snúa við og efla hagvaxtarþróun og íbúaþróun og efla svæðið í heild til að gera það samkeppnisfært við aðra landshluta. Við erum í færi, en til að nýta það til fulls þurfum við ekki bara að líta til hins opinbera eftir stuðningi. Við þurfum að þora að líta inn í okkur sjálf, við getum mögulega sjálf leitt inn stórar breytingar og framfarir.“

### Ósanngjarnt að tala niður fyrri Vestfjarðanefndir

Pétur segir að út frá lýðræðislegu sjónarmiði sé mjög mikilvægt að Fjórðungssambandið komi að stórum málum eins nefndinni er falið að glíma við.

„Umboðskehja Fjórðungssambandsins er mjög skýr, frá hinum almenna íbúa til þeirra sem eru í stafni Fjórðungssambandsins.“

– Í nefndinni eru meðal annars heimamenn auk fólks úr stjórn-sýslunni í höfuðborginni.

„Nefndin er skipuð pólitískt, við skulum hafa það alveg á hreinu og það þarf ekkert að fara leynt með það. Það er fulltrúi frá norðursvæðinu, frá suðursvæðinu og af Ströndum. Síðan eru fulltrúar úr ráðuneytinu og aðstoðarmaður forsætisráðherra veitir nefndinni formennsku. Fjórðungssambandið og Atvinnuþróunarfélagið eru ráðgefandi aðilar og við höfum líka kallað til fylgilags við okkur helstu aðila á Vestfirðum úr atvinnulífi, stjórn-sýslu og pólitík til að sjónarhornið verði sem víðast.“

– Þið sem eruð í nefndinni, hafið þið tilfinningu fyrir að það komi eitthvað út úr þessu eða verður afraksturinn ný skýrsla til að koma fyrir í skjalgæymis- unni?

„Ég held að það sé óþarfi að gera lítið úr fyrri Vestfjarðanefndum og það hefur komið mikið úr starfi fyrri nefnda. Ég leyfi mér að nefna, að í kringum síðustu Vestfjarðanefnd urðu til um það bil 38 opinber störf og af þeim eru 25 ennþá í fjórðungnum. Þau störf eru bein afurð síðustu Vestfjarðanefndar. Þegar við horfum á stóru myndina – við vitum að hér er hagvaxtarstaða sem þarf að breytast, við þurfum að fá meiri verðmætasköpun inn á svæðið og snúa við íbúaþróun – þá sést að fyrri Vestfjarðanefndir hafa skilað ágætis vinnu og gert gagn í þessari baráttu.“

### Prjú hundruð milljóna króna tékki

Pétur segir að hann beri miklar væntingar til stærri umsvifa og verkefna og hann vonast til að nefndin beiti sér fyrir stórum innviðaverkefnum. Hann nefnir t.d. stækkun hafna á Vestfirðum og segir að þau fjárfestingarverkefni sem eru í kortunum á Vestfirðum knýi á stærri hafnir.

„Við getum nefnt hafnir í Vesturbýggð, á Ísafirði, í Bolungarvík og í Súðavík. Vestfjarðanefndin hefur kannski ekki fjármagn úr að spila til að fara í þessi stóru verkefni, en hún getur mælt með þeim við ríkisstjórnina og þokað þeim áfram.“

– Þú minnst á fjármagn sem nefndin hefur til umræða, hvaða upphæð er á tékkanum frá ríkisstjórninni?

„Það eru einhver hundruð milljóna sem hafa verið nefndar og þær dreifast í verkefni á svæðinu. Háskólatengd rannsóknarverkefni tel ég vera fýsileg, sérstaklega verkefni sem styðja komandi atvinnuuppbyggingu. Þá er alveg einboðið



að nefndin geri kröfu um að þau störf sem skapast í kringum eldisuppbygginguna af hendi hins opinbera verði staðsett á Vestfjörðum.

Ég er alveg viss um að þessar 300 milljónir sem menn hafa nefnt geti gert gagn. En það er alveg ljóst, að þú ferð ekki í stór innviðaverkefni fyrir 300 milljónir, en nefndin gæti hins vegar mælt með og hvatt ríkisstjórnina að fara í ákveðin verkefni sem augljóslega myndu styðja við mögulega auðlindanytingu svæðisins.“

### Sárgrætilegt að fjárfestingarverkefni strandi á lélegum innviðum

– Þú minnst á innviðaframkvæmdir í kringum mögulega auðlindanytingu. Það hefur lítið spurst til kalkþörungaverksmiðjunnar í Súðavík. Hvar er það verkefni státt?

„Það er nákvæmlega á þeim stað að það er allt klárt nema að við þurfum að geta afhent 10 megavött. Ég hef sagt að hafnaradstæður í Álftafirði eru ekki stóra vandamálið. Sveitarfélagið hefur fjárhagslega burði til að fara í það verk í samvinnu við ríkið. Það sem við getum ekki gert er að leggja streng frá Skutulsfirði til Álftafjarðar sem getur borið 10 megavött. Þar stendur hnifurinn í kúnni og við þurfum að leysa það.

Mér finnst eðlilegt að þetta eigi að vera partur af innviðauppbyggingu á Vestfjörðum. Það er sárgrætilegt að þegar fjárfestingarverkefni eru klár og við viljum nýta auðlind sem er í

túnfætinum hjá okkur, að okkur vantar eðlilega innviði til að geta gert okkur mat úr þeim. Og það eru eðlilegir innviðir að geta afhent 10 megavött, það er ekki verið að biðja um neitt aukalega, einungis að standa jafnfætis öðrum sveitarfélögum. Þetta verkefni þekki ég vel í gegnum mína vinnu í Súðavíkurhreppi, en þessa sögu má líka segja í kringum önnur sveitarfélög á Vestfjörðum. Að þessu þarf að vinna og þarna geri ég ekki upp á milli.“

### Vill aukna samvinnu sveitarfélaganna

Þrátt fyrir vera sveitarstjóri í Súðavíkurhreppi segir Pétur nauðsyn að horfa á öll tækifæri og fjárfestingarverkefni í víðara samhengi norðanverðra Vestfjarða. Hann bendir á að sveitarfélögin við Djúp reki þrjá hafnasjóði. Hann segir það óþarfa og vill sjá að Súðavíkurhreppur, Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður myndi með sér hafnasamslag.

„Með hafnasamslagi munum við bæta samningsaðstöðu okkar gagnvart ríkinu og gagnvart fjárfestum. Þá myndum við líka eyða því sem gerir okkur svo mikið ógagn, að sveitarfélögin séu að kroppa hvert í annað.“

– Hafa sveitarfélögin verið að gera það?

„Það er mikil hætta á því þegar þú rekur þrjá hafnir, það segir sig sjálft. En þegar þú ert búinn að búa til eitt hafnasamslag, þá ertu kominn með einn aðila sem semur við ríki og fjárfesta. Ég held að þetta sé augljós kostur

sem við eigum að vinna okkur í. Við, kjörnir fulltrúar, verðum að bretta upp ermarnar og átta okkur á að það er ábyrgðarluti að vera í pólitík, og við sem erum í stafni sveitarfélaganna eigum að fara í erfið og flókin mál sem maður hefur brjóstvit fyrir að munu efla svæðið. Ég er sannfærður um að eitt hafnasamslag mun gera okkur mikið gagn hér á norðursvæðinu.“

– Hefur þetta verið rætt?

„Lauslega já. Þetta hefur verið rætt í nefndarstarfi hjá okkur í Súðavík og lauslega í Ísafjarðarbæ. Ég get bara rætt þetta sem kjörinn fulltrúi í Súðavíkurhreppi og ég hef mikinn áhuga á að þessi vinna hefjist í haust. Þetta er flókið mál og menn þurfa að velta fyrir sér tekjuskiptingu. Hafnirnar hérna eru ákveðnir gullkálfar og menn þurfa að komast að niðurstöðu um framtíðaruppbyggingu og skiptingu tekna milli hafna. Ef menn hafa alvöru ástríðu fyrir byggðinni og samfélaginu á norðanverðum kjálkanum, þá eiga menn ekki að óttast alvöru verkefni.“

### Megum ekki vera eintóna

– Íbúar hér á norðursvæðinu bera miklar væntingar til þess að fetað verði í fótspor fiskeldisbyltingarinnar á Sudurfjörðunum sem hefur snúið við neikvæðri íbúapróun. Er framtíðin í fiskeldi?

„Allar umsagnir Súðavíkurhrepps um fiskeldismál hafa verið jákvæðar. Stóru hagsmunir hreppsins eru að svæðið í heild sinni geri vel upp. Ef við horfum á framtíð Súðavíkurhrepps,

þá verður að horfa á framtíð svæðisins í heild. Það eru miklir hagsmunir í því að hér verði eldisuppbygging og menn fari að vinna hér áður óþekkt verðmæti.

En við verðum líka að átta okkur á að hér er önnur uppbygging líka, nægir að nefna mikla uppbyggingu í ferðaþjónustu og ég ber miklar væntingar til hennar líka. Sveitarfélögin hérna verða að horfa á þessar tvær atvinnugreinar saman og sjá til þess að uppbygging í þeim verði samstíga, má ekki vera eintóna í eldi og eintóna í ferðaþjónustu; hún verður að vera samhljóma. Þegar menn eru að spá í að nema ný lönd í fiskeldi, þá verður það að gerast í gegnum samtal.“

### Ólga milli atvinnugreina versta niðurstaðan

Líkt og flestum er kunnugt áformar Arnarlax stórfellt laxeldi í Jökulfjörðum sem og í Ísafjarðardjúpi. Samtals er um að ræða 20.000 tonna eldi og bætist við rúmlega 10.000 tonna eldi sem Dýrfiskur og Hraðfrystihúsið-Gunnvör áforma í Djúpinu. Fiskeldi í Jökulfjörðum hefur mætt andstöðu frá ferðaþjónustunni og Ísafjarðarbær hefur einnig ályktað gegn eldi í Jökulfjörðum. Sjálfur hefur Pétur lýst yfir andstöðu við áform Arnarlax í Jökulfjörðum og því er ekki úr vegi að spyrja: Hvers vegna er í lagi að ræða niður sjókvím í Djúpinu, þar sem er mikil ferðaþjónusta, en ekki í Jökulfjörðum?

„Það sem ég legg áherslu á og hef skrifað um, er að þessi uppbygging verði gerð í samtali milli hagsmunaaðila. Það sem hefur gerst í Djúpinu er að það hefur verið í sátt við ferðaþjónustuna. Mín persónulega afstaða er að ferðaþjónusta og eldi fari saman, eða í það minnsta að eitt útiloki ekki annað. Þegar við tölum um Jökulfirðina og fiskeldi, þá þurfum við að fara í mjög grúndigt samræðu við aðrar atvinnugreinar. Mesta hættan er að það skelli á það mikil ólga milli atvinnugreina að menn fari að hefta för hver annars. Það væri versta niðurstaðan fyrir Vestfirði og um það hef ég skrifað.“

– Finnst þér að Arnarlax hafi ekki farið rétt af stað, með því að slengja þessu svona á borðið?

„Ég er ekki best til þess fallinn að tjá mig um það. Ég reyni að horfa á heildarhagsmunina, og versta niðurstaðan er að menn fari í hár saman vegna þessara mála, eiga ekki samtalið, ná ekki sáttum og tefja hver annan í atvinnuuppbyggingu sem við þurfum svo sannarlega á að halda. Þessu höfum við náð í Djúpinu, enda hefur ferðaþjónustan alla jafna ekki skilað neikvæðum umsögnum um eldi í Djúpinu, því menn hafa rætt sig saman á niðurstöðu.“

– Þú minnst ekki á eigendur stangveiðianna í Djúpinu sem hafa lýst yfir mikilli andstöðu við laxeldi. Það samtal hefur ekki leitt til neinna sáttar?

„Jújú, Súðavíkurhreppur er til dæmis eigandi að laxveiðiá í Djúpinu, Ísafjarðaránni, og við höfum veitt mjög jákvæðar umsagnir. Ég hugsa að besta áin í Djúpinu sé Laugardalsáin og ég hef ekki orðið var við mótbáru frá eigendum hennar. Það eru heimamenn sem eiga Laugardalsána og þeir horfa á heildarhagsmunina og þeir horfa á hvað þarf að gerast á Vestfjörðum svo við verðum samkeppnishæf og fylgjum hagvaxtarþróun á landinu.“

### Persónulegir hagsmunir hindra samvinnu

Pétur telur að áform fiskeldisfyrirtækja á norðanverðum Vestfjörðum, þar sem fiskur getur t.d. verið alinn í firði eins sveitarfélags með tilheyrandi álagi, og svo unninn í öðru sveitarfélagi þar sem tekjurnar verða þá til, sýni enn betur fram á nauðsyn aukinnar samvinnu sveitarfélaganna.

„Ég hef áður minnst á hafnasamslag, sem ég tel vera rakið dæmi. Annað dæmi er hvort það sé eitthvað vit í því að reka þrjú slökkvilið á norðanverðum Vestfjörðum? Hvernig geta menn komist að þeirri niðurstöðu að það þjóni heildarhagsmunum íbúanna? Það er ekki hægt, það eru einangraðir persónulegir hagsmunir sem fá menn ekki til þess að reka hér slökkviliðssamslag.“

– eru það persónulegir hagsmunir sem hindra menn í að vinna saman í þessum málum?

„Það hlýtur að vera, vegna þess að heildarhagsmunirnir eru svo augljósir. Við getum einfaldað þetta. Að vera með slökkviliðssamslag minnkar rekstrarkostnað og eykur öryggi. Þarf meira til? Hver vill ekki minni kostnað og aukið öryggi? En samt heykjast menn á þessu og það hljóta vera einhverjir persónulegir hagsmunir sem ráða för.“

### Öfluga framtíð fyrir afleggjarana

Eins og margoft hefur komið fram í ræðu og riti hjá Pétri, þá eru Álftafjarðargöng stóra málið í framtíðarsýn hans fyrir Súðavík og byggðina á norðanverðum Vestfjörðum.

„Með göngum verðum við komin með allt annað leiksvið til að ræða samstarf í áður óþekktu magni.“

– En hvað með að stíga skrefið til fulls og sameina þessi þrjú sveitarfélög?

„Það er skylda okkar stjórnmalamanna að taka öll álitamál upp reglulega og horfa á þau vítt og breitt. Ef menn ganga til verks

heiðarlega, þá leiðir það okkur að einhverri niðurstöðu, hver sem hún er. Þó svo að það hafi verið stór sameining hér 1996 og einhvern tímann var nefnd að störfum sem hét 100 daga nefndin, þá stoppaði málið ekki þar. Tímarnir breytast og það verður að taka frekari sameiningu upp reglulega.

Eins og ég nefndi fyrr eru mikil tímamót framundan, það gefur okkur tækifæri til að skoða hvað við getum gert til að efla hér samfélagið og framtíðarhorfur á Vestfjörðum. Það er frumskylda okkar sem hrærumst í vestfirskum stjórnárum. Að efla samfélagið, gera það betra. Það sem hefur breyst á þessum árum er að til dæmis liggja fyrir stór hafsækin fjárfestingarverkefni sem þurfa öflugna afgreiðslu sem stærra sveitarstjórnarstig ræður betur við. Við eigum ekki að víkja okkur undan þessari umræðu, og lykilatriði er að menn nálgist hana ærlegir og með heildarhagsmunum norðanverðra Vestfjarða að leiðarljósi. Niðurstaðan getur allt eins verið að sameining sé ekki fýsilegur kostur og möguleikar okkar við að efla byggð séu betri með núverandi sveitarfélög.

Frumskylda okkar er að bæta líf og kjör, og tryggja að vestfirskt samfélag lifi okkur, eflist og færi afleggjurum okkar öflugna framtíð. Annað skiptir minna máli,“ segir Pétur Georg Markan.

smari@bb.is

# Vestfirskir sjómenn felldu samninginn




Sjómenn felldu kjarasamning við SFS.

Sjómenn í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga kolfelldu kjarasamning sem félagið gerði við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Póstatkvæðagreiðsla lauk 15. ágúst, en hún hófst 19. júlí. Lítil kjörsókn var í atkvæðagreiðslunni. Á kjörskrá voru 105 félagsmenn og greiddu 41

atkvæði, sem samsvarar 39% kjörsókn. Tólf samþykktu samninginn, eða 29%, og 28 höfnuðu samningnum, eða 68% þeirra sem kusu um samninginn.

Niðurstaðan er bindandi og hefur endurnýjaður kjarasamningur sjómanna í Verk Vest því verið felldur.

Á vef Verk Vest segir að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar setji viðræðurnar á byrjunarreit og verður samninganefnd Verk Vest boðuð til fundar á næstu dögum til á ákveða næstu skref. Ríkissáttasemjari hefur boðað deiluaðila til fundar mánudaginn 22. ágúst.



Hettuskrofa. Mynd: Kristján Jón Guðmundsson.

## Spakar, svangar og skrækja sérkennilega

Sjómenn í Bolungarvík hafa séð til hettuskrofa í og við Ísafjarðardjúp, en tegundin er óalgeng við norðanverða Vestfirði. Hettuskrofa [lat. Puffinus gravis] er með vel afmarkað dökka hettu og hvítan U-laga blett við stérlót. Á vef Náttúrustofu Vestfjarða segir að bolvísku sjómönnum fannst eftirtektarvert hvað fuglinn sé spakar, svangur og skrækja sérkennilega.

Varpstaðir skrofunnar eru víða um norðanvert Atlantshaf, en hún hefur vetursetu á hafsvæðinu í Suður-Atlantshafinu við Brasilíu eða Argentínu.



**HÚSASMÍÐJAN**



**blómaval**

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**Skoðuðu öll tilboðin í Húsassmiðju-bladini**



**POTTAPLÖNTU ÚTSALA**  
allar pottaplöntur 20-50% afsláttur

**25% afsláttur**

**1.490 kr**  
~~1.990 kr~~

Begonia Elatior  
12 cm pottur.  
11400027

**50% afsláttur**

**745 kr**  
~~1.490 kr~~

Ástareldur

**PALLAEFNI ÚR GAGNVARINNI FURU**

VERÐ FRÁ **215 kr/lm**

Pallaklæðning 28x95 mm.  
628600

**Electrolux**

**ÚTSALA • ÚTSALA**

**58.990 kr**  
~~76.900~~

Pvottavél FW30L7120  
7 kg, 1200 sn.  
Orkunýting A+++.  
1805690

**SÚPER AFMÆLISTILBOÐ**

**2.396 kr**  
~~2.995 kr~~

Jotun Vegg og loft 3 ltr.  
7119781-83

**20% afsláttur**

**JOTUN VEGG&TAK 2l**

**ÚTSALA**  
**Á VÖLDUM HEIMILISTÆKJUM**

**Byggjum á betra verði**

\*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsassmiðjunnar“  
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vörurval getur verið misjafnt milli verslanna.



# NÝTT Í BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



FULLELDAÐAR  
- RISA -  
RÆKJUR  
'TAIL-ON'

**2.598**  
kr. 907 g

Risarækjur  
Fulleldaðar, 907 g



Danish chicken  
**CHICKEN**  
CHICKEN

**498**  
kr. kg

Danpo Kjúklingur  
Danskur, heill, frosinn



**30%**  
Meira magn  
Sama verð



HEIMILIS  
BRAUÐ

**1 kg**

**385**  
kr. 1 kg

Myllu Heimilisbrauð  
1 kg

## GOTT VERÐ Í BÓNUS



ÓDÝRARA  
AÐ KRYDDA SJÁLFR

**1.298**  
kr. kg

KS Lambalæri  
Frosið



**698**  
kr. kg

KS Lambasúpukjöt  
Frosið



**259**  
kr. kg

KS Lambalifur  
Frosin



**59**  
kr. stk.

Faxe Kondi  
330 ml



**100%**  
kjöt

**2.198**  
kr. kg

Bónus 100% Kjúklingabringur  
Ferskar, ekkert viðbætt vatn



**1.898**  
kr. kg

Kjörfugl Kjúklingabringur  
Ferskar



**759**  
kr. kg

Kjörfugl Kjúklingur  
Ferskur, heill



### NÝ UPPSKERA



**298**  
kr. 500 g

Gulrætur  
500 g



**259**  
kr. kg

Rófur



**259**  
kr. kg

Hvítkál

# BÓNUS EKKERT BRUÐL



## Sportið í beinni...

### fimmtudagur 18. ágúst

15:10 WC Golf kvenna ÓL  
17:50 ÍBV – Fylkir  
19:00 Golf - PGA Tour  
19:30 Valur – Víkingur R.  
22:00 Pepsímörkin

### föstudagur 19. ágúst

13:00 Golf kvenna ÓL  
18:30 K - Undanúrslit ÓL  
18:50 Man Utd - Southampton  
19:00 WC Golf - PGA Tour  
22:00 K - Undanúrslit ÓL

### laugardagur 20. ágúst

11:35 Stoke City - Man City  
13:00 Golf kvenna ÓL  
13:50 Burnley - Liverpool  
16:00 F - Bronsleikur karla ÓL  
16:10 Barcelona - Real Betis  
16:20 Leicester City - Arsenal  
19:00 WC Golf - PGA Tour  
20:30 F - Gullleikur karla ÓL  
02:00 UFC: Diaz/McGregor

### sunnudagur 21. ágúst

12:20 Sunderl. - Middlesbr.  
14:30 K - Bronsleikur karla ÓL  
14:50 W Ham Utd - Bournem.  
15:50 KA - Leiknir R.  
17:00 WC Golf - PGA Tour  
17:30 KR - Breiðablik  
18:10 R Sociedad - R Madrid  
18:30 K - Gullleikur karla ÓL

### mánudagur 22. ágúst

17:30 FH - Stjarnan  
19:50 Próttur - Valur  
22:00 Pepsímörkin

### þriðjudagur 23. ágúst

18:40 Roma – Porto

### miðvikudagur 24. ágúst

17:50 Stjarnan - ÍBV  
18:40 Man. City – St. Bucurest

## Dagar Íslands

### 18. ágúst 1986:

Haldið var upp á 200 ára kaupstaðarafmæli Reykjavíkur. Talið var að 70 - 80 þúsund manns hafi verið í miðbænum þegar mest var. Þar var í boði stærsta terta, sem sögur fara af á Íslandi, 200 metra löng. Íslenska ríkið gaf Reykjavíkurborg Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju í afmælisgjöf. Flugeldasýning var rétt fyrir miðnættið.

## Helgarveðrið

### Á föstudag:

Hæg breytileg átt eða hafgola og víða léttskýjað. Hiti 12 til 19 stig, hlýjast í innsveitum.

### Á laugardag, sunnudag og mánudag:

Hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Þurr veður og bjart með köflum, en sums staðar þokuloft við sjóinn. Hiti 10 til 18 stig.

# Krossgátan

				TALÍA	AFLAGA	GINNA	KLÍÐUR		EFNI	HAMINGJA
				EFLA						
				GÖNGULAG				TVÍHLJÓÐI		
								SVÍVIRÐA		
				FAG			RELL			
							TERTA			
				GEFA EFTIR					ÞESSI	
				FYRIRHÖFN						
	↓	VARÐ-VEISLA	RJÚKA				ELDHÚS-ÁHALD			
			TVÖ ÞÚSUND				KLIFUN			
SAMTALA						LISTI				ELDSNEYTI
						SÝKJAST				
FORMÓÐIR					BAND				BOTNFALL	
					ÁREYNSLA					
SJÚK-DÓMUR			ATA				UPP-HRÓPUN			
			ÓKLEIFUR				UXI			
SÆ				ÆTTGÖFGI				Í RÖÐ		
								HALD		
ÞUKL				ÁHLAUP						STÖÐVUN
				KÁL						
		UNG-DÓMUR					SKERGÁLA			
		ÁLÍTA					ÁFORM			
AÐ UTAN					SESS				ÓKYRRÐ	
					RÍKI Í ARABÍU					
DRYKKUR			LÍTID				SKAUT			
			FORM				HLJÓMA			
ANGAR						KUSK		SLÁ		
								TVEIR EINS		
NEYTA						RASK				
HOLA				ÝTAR-LEGRI						

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS  
OG  
JARÐAR

Mánagötu 2  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og  
upplýsingar um  
réttindi og kjör  
á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)



# Lausn á síðustu krossgátu

				AF- HENDING- AR	RIST	EKKERT		ÁI	KUSK	FJÚK	
				AGNÍ	A	G	N	H	A	L	D
				HÚS- FREYJA	F	R	Ú	YFIRGAF HRÓPA	F	Ó	R
				EFNI	S	I	L	K	I	SKÓLI	I
				ÞELUNAFN SÓT	A	L	L	A	TVEIR EINS SAMTALS	F	F
				↓	HÁLFAPÍ	EINKAR EKKI	TÆKIFERI STUTT RÆÐA	L	A	G	BETRUN
KVEÐJA	B	L	E	S	S	FISKUR SJÁDU	ÁLL	L	L	HJED	B
KEPPNI	L	E	I	K	DRABBA ÁN	S	V	A	L	L	A
HJÓM	Ó	M	STÆKKA EINLEIKUR	A	U	K	A	BEKKUR MÓT	S	E	T
NAÐYR	M	Ú	S	GRAS- ÞÓKUR	T	O	R	F	TVEIR ÞVENGUR	I	I
MÆRA	H	R	Ó	S	A	HLÍÐ SÓLAR- HRINGA	P	O	R	T	STILLA
	N	L	ÁÐ OTA	L	A	N	D	RÁF FRESTA	R	E	I
FRUM- EIND	A	T	Ó	M	SJÚK- DÓMUR ÁKEFD	A	S	M	I	HITA	Y
FYRIR HÓND	P	R	DRAGA FATAEFNI	T	O	G	A	SÆBUR FÝLDUR	M	O	R
FÁLM	P	A	T	SVIK TVEIR EINS	F	A	L	S	TVEIR EINS TVEIR EINS	R	R
YNDIS	U	N	A	Ð	S	BÖLGNA	T	Ú	T	N	A
BLÓMI	R	A	U	Ð	A	ARÐA	A	R	T	A	

## Sudoku prautilir

	7		8	5	2	9		3
	4			3	6			
3			7				1	
			9	6				1 4
8		7						5
				2			8	
4		2		7		8		1
	1		2	4		6		7
			3				9	

	3		5	1				
1						3		
	9				7		1	5
5		6	2			9		7
8		3	9	6		5	2	
								4
6		7	8	4		1		
	2	4						8
		1	3			6	4	



Ragheiður Baldursdóttir, umsjónarmaður Vatnsfjarðar-  
kirkju og Æðarbóndi og Jón Þór Þórhallsson. Jón Þór er  
stjórnarformaður Stofnunar Wilhelms Beckmann og tengda-  
sonur listamannsins, Wilhelms Beckmann.



Skírnarfontur í Vatnsfjarðar-  
kirkju.

# Upplýsingaskjöldur í Vatnsfjarðarkirkju

Fimmtudaginn 28. júlí s.l. var settur upplýsingaskjöldur í fordyri Vatnsfjarðarkirkju í Djúpi.

Í Vatnsfjarðarkirkju er skírnarfontur sem Wilhelm Beckmann skar út og var fonturinn gjöf frá kvenfélaginu Sunnu. Hann er skorinn út úr mahóniði, en á hann er skorin mynd af Maríu guðsmóður með Jesúbarnið og þessi áletrun: Önd mín miklar drottin (Lúk. 1.46.) en á fótstallinn er skorin þessi áletrun: Vatnsfjarðarkirkja anno 1961.

Wilhelm Beckmann var íslenskur listamaður, myndhöggvari og myndskeri, fæddur í Hamborg 1909, dáinn 1965 í Reykjavík. Hann lærði útskurð og myndhöggvaralist í Hamborg og lauk námi 1927. Hann setti síðan upp eigin vinnustofu auk þess sem hann kenndi við Listaháskóla Hamborgar. Wilhelm var félagi í þýska jafnaðarmannaflokknum og átti í útistöðum við þýska nasistaflokkinn og varð að flýja land, fyrst til Danmerkur og þaðan til Íslands 1935. Í Danmörku tóku danskir jafnaðarmenn á móti honum

og höfðu síðan samband við Alþýðuflokkinn, Stefán Jóhann Stefánsson, sem greiddi götu hans hér. Á Íslandi bjó hann til æviloka, kvæntist íslensku konu og eignaðist tvö börn. Hann var félagi í Alþýðuflokknum og gerði mörg veggspjöld fyrir hann. Wilhelm Beckmann var mjög fjölbær listamaður og lék allt í höndum hans. Hann skar út í tré, hjó í stein, málaði myndir og smíðaði skartgripni en þekktastur er hann fyrir kirkjulistaverk sín en verk hans, skírnarfontar og ljósasúlu, prýða á annan tug kirkna á Íslandi. Hann varð íslenskur ríkisborgari 1946, var fyrsti bæjarlistamaður Kópavogs 1954 og hlaut listamannalaun

Alþingis 1960.

Árið 2013 komu ættingjar hans og Kópavogsbær á fót Stofnun Wilhelms Beckmann. Hlutverk hennar er að varðveita minningu hans, halda úti sýningum á verkum hans og styðja unga myndhöggvara til náms. Stofnunin heldur þegar úti sýningum í Bókasafni Kópavogs, í Prímus kaffi á Hellnum á Snæfellsnesi og í Menningarmiðstöðinni í Eskifirði og unnið er að ritun ævisögu hans. Frekari upplýsingar er að finna á vef stofnunarinnar [www.wilhelm-beckmann-foundation.eu](http://www.wilhelm-beckmann-foundation.eu) þar sem á annað hundrað verk hans eru skráð og í Ársriti Hér- aðsskjalasafns Kópavogs 2006-2007, sem út kom árið 2008.

## smáar

Til sölu 4m trejaplastbátur ásamt kerru. Uppl. í s. 865 6198.

Óskað eftir 2-3 herbergja leiguhúsnæði. Ég er 25 ára brottfluttur Ísafirðingur sem langar mikið til þess að flytja aftur heim. Ég er með tvær innkísur sem eru mér mjög mikilvægar. Hægt er að hafa samband við mig í síma 866-9563 eða netfang [julianaharalds@gmail.com](mailto:julianaharalds@gmail.com). Með bestu kveðju, Júlíana Haraldsdóttir.

# Þjónustu- auglýsingar



ENDURSKOÐUN  
VESTFJARDA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRADFYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.  
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



# NÚ BYRJAR ~~BALLIÐ~~ SKÓLINN!



TILBOÐSVERÐ:

**599.-**


Verð:  
799.-

Bréfabindi A4 8 cm



Límstifti 8 gr.

Verð: 99.-



Stílabók A5 /A4  
vírheft

Verð: 129.- / 199.-



**39%**  
afsláttur

Áherslupenni

**VILDARVERÐ: 199.-**

Verð: 329.-



**30%**  
vildarafsláttur

Vaxlitir - 44 stk. + 20

**VILDARVERÐ: 1.238.-**

Verð: 1.769.-



Reglustika sveigjanleg  
20 cm / 30 cm

Verð: 159.- / 199.-



Gráðubogi sveigjanlegur

Verð: 159.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is